

**ÁFANGALÝSING:**

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að auka enn akademískan og formlegan orðaforða sem undirbúning fyrir framhaldsnám á háskólastigi og atvinnulíf. Vandlegur lestur sérhæfðra texta ásamt viðeigandi orðaforða. Farið yfir helstu atriði akademískrar ritunar. Hlustun á fyrirlestra og munnleg kynning verkefnis í kennslustund. Alþjóðleg stöðupróf kynnt. Klassískt skáldverk lesið. Kennsla fer fram á ensku.

**MARKMIÐ:**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:

- almennum fagorðaforða á háskólastigi.
- orðstofnum, uppruna þeirra og myndun fagorða.
- helstu menningarsvæðum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða annað mál.
- alþjóðlegum matsprófum t.d. TOEFL

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja sér til gagns sérhæfða og fræðilega texta.
- greina megininntak texta, rökfærslu og draga ályktanir.
- orðmyndun.
- nýta sér fyrirlestra og umræður um fræðileg efni.
- tjá sig af öryggi um ýmis málefni.
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi t.d. með útdráttum, umritun, ritgerð.

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fræðitexta og leggja gagnrýnið mat á hann.
- umrita og gera útdrátt úr fræðigreinum eða fyrirlesturum.
- geta flutt vel uppbyggða kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og brugðist við fyrirspurnum.
- rita texta með röksemdafærslu með og á móti og hún vegin og metin.

**KENNSLUGÖGN:**

Academic Reading. Spring 2018  
Academic Vocabulary. Spring 2018  
Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók  
Netorðabók Longman Online Dictionary  
Annað efni á Moodle, neti eða sem ljósrit

fjölrit til sölu á skrifstofu.  
fjölrit til sölu á skrifstofu.

**NÁMSMAT / NÁMSKRÖFUR:**

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs. Áfanganum er skipt í fjórar 4 vikna lotur þar sem hver vika verður helguð ákveðnu viðfangi. Hverri 4 vikna lotu lýkur með prófi í kennslustund úr námsefninu (vægi samtals 48%). Á prófdegi skulu nemendur einnig skila öllum verkefnablöðum lotunnar hafandi farið yfir svör frá kennara og leiðrétt að mestu leyti sjálf.

Mappa með verkefnablöðum gildir (15%). Próf úr Animal Farm (12%). Academic Vocabulary hefti skilað í lok annar (10%). Tímaritgerð í lok annar gildir (8%). Hver nemandi undirbýr og kynnir munnlega efni ritgerðar fyrir kennara (7%). Lotuprófin 4 gilda samtals 48%

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Einkunn lækkar um 1,0 (10 %) fyrir hvern dag sem verkefnaskil dragast. Þeir sem missa af lotuprófi vegna leyfa eða veikinda skv. Innu fá annað tækifæri í síðustu viku annar. **Aðeins verður heimilt að endurtaka eitt lotupróf.** Nemendur fæddir 1998 eða fyrr skulu í upphafi annar undirrita námssamning og fara eftir honum. Minnt skal á að ritstuldur er stranglega bannaður.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Fjölbrautaskóla Suðurlands 4.1. 2018

Kennarar: Helgi Þorvaldsson, Ægir Pétur Ellertsson

## VIKUPLAN

Vika 0 (5. jan)	Introduction
Vika 1 (8 -12 jan)	Academic Reading
Vika 3 (15 -19 jan)	Academic Vocabulary
Vika 4 (22-26 jan)	Academic Writing
Vika 5 (29 - 2 feb)	Academic Listening / <b>Progress Test 1</b>
Vika 6 (5 - 9 feb)	Academic Reading
Vika 7 (12 -16 feb)	Academic Vocabulary
Vika 8 (19 -23 feb)	Academic Writing
Vika 9 (26- 2 mars)	<b>Animal Farm / Progress Test 2 / Kátir dagar</b>
Vika 10 (5 - 9 mars)	Academic Reading
Vika 11 (12 - 16 mars)	Academic Vocabulary
Vika 12 (19 - 23 mars)	Academic Writing
Vika 13 (26 - 30 mars)	<b>Páskaleyfi</b>
Vika 14 (2 - 6 apríl)	International Tests / <b>Progress Test 3</b>
Vika 15 (9 - 13 apríl)	Academic Writing (In class Essay)
Vika 16 (16 - 20 apríl)	Academic Vocabulary
Vika 17 (23 - 27 apríl)	Academic Reading
Vika 18 (30 - 4 maí)	Oral presentations (based on essay)
Vika 19 (7-9 maí)	<b>Progress Test 4 / Sick Tests (skrap)</b>